

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 24/2023

2023/EES/75/24

frá 3. febrúar 2023

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1095 frá 29. júní 2022 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum til að heimila tiltekna landsbundnar undanþágur <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 D 1095**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1095 frá 29. júní 2022 (Stjtið. ESB L 176, 1.7.2022, bls. 33).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/1095, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 176, 1.7.2022, bls. 33.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.